

UPPLÝSINGAR UM ALMENNT NÁMSKEIÐ TIL LÖGGILDINGAR VIGTARMANNS

Þátttökugjald: 96.800 kr.

(Námskeiðsgjald 88.500 kr. og löggildingargjald 8.300 kr. sbr. lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991)

Námskeið haldin í janúar, júní og október

Greiða skal reikning sem stofnaður er í netbanka

Það er algert skilyrði að skila inn **sakavottorði** og **búsforræðisvottorði** áður en hægt er að gefa út skírteini

Námskeiðið er haldið í húsnæði Neytendastofu, Borgartúni 21. Sjá nánari leiðbeiningar hér að neðan

Takmarkaður fjöldi kemst á hvert námskeið.

**Skilyrði sem uppfylla þarf til að geta hlotið löggildingu,
endurlöggildingu eða bráðabirgðalöggildingu**

Svo löggilda megji vigtarmann þarf hann að uppfylla eftirfarandi skilyrði, sem um er getið í 23. gr. laga nr. 91/2006: **a. eru búsettir hér á landi, b. eru fullra tuttugu ára, c. eru sjálfráða og fjárráða.**

Ennfremur stendur í fyrrgreindum lögum:

„synja skal manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.“

Til að sanna að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt þarf að leggja fram sakavottorð og búsforræðisvottorð. Sakavottorð fá menn hjá sýslumanni sínum. – Á höfuðborgarsvæðinu hjá Sýslumanninum í Kópavogi, Hlíðarsmára 1, 201 Kópavogi. Búsforræðisvottorð fá menn hjá héraðsdómara sínum (eins hægt að sækja um það á netinu). Löggildingarskírteini má ekki gefa út nema þessi **vottorð** liggja fyrir.

Sérreglur um íslenskukunnáttu

Athygli er vakin á því að gerðar eru kröfur um íslenskukunnáttu bæði varðandi skilning og skrift þar sem öll kennsla fer fram á íslensku og einnig eru spurningar á prófi á íslensku og einnig þarf að svar spurningum í prófi á íslensku.

Um námskeiðshald

1. Námskeiðið er í 3 daga.
2. Námskeiðsgjald er greitt í heimabanka viðkomandi.
3. Námskeiðið verður haldið í húsnæði Neytendastofu (kjallara) Borgartúni 21 og hefst kl. 9:30. Sjá nánari meðfylgjandi stundarskrá.
4. Húsið er opnað að neðanverðu kl. 7:30 (dyrnar að ofanverðu kl. 8:00).
5. Þegar inn er komið er hægt að fylgja leiðbeiningum að námskeiðsstofu.
6. **Bílastæði fyrir framan hús eru gjaldskyld!!!!**
7. Til að hjálpa mönnum að finna Borgartún 21, má geta þess að í því sama húsi er Sáttasemjari, Íbúðalánasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Þjóðskrá, svo eitthvað sé nefnt.
8. Nemendur þurfa ekki að hafa neitt með sér, samt er mælt með að þátttakendur taki með sér eigin skriffæri.
9. Æskilegt er að þátttakendur komi með reiknivél,
10. Mögulegt er að kaupa hádegismat í mötuneyti á staðnum (5.h.) eða á nálægum veitingastöðum.

Stundarskrá	
Mánudagur.....	9:30 - 17:00
Þriðjudagur.....	8:00 - 17:00
Miðvikudagur.....	8:00 - 12:00 ¹⁾
1) Í síðasta lagi	